



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 16. október 2019

1909033SA GB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frv. um breytingar á l. um virðisaukaskatt (endurgreiðsla v. fráveituframkvæmda), 26. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 26. september sl., þar sem óskað er umsagnar um ofangreint mál. Vegna annríkis tókst því miður ekki að veita umsögn innan þess frests sem var veittur.

Afstaða til frumvarpsins

Sambandið telur í upphafi vera ástæðu til að þakka þeim háttvirtu þingmönnum sem eru flutningsmenn málsins fyrir þann vilja sem sýndur er með frumvarpinu til þess að styðja við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga.

Ljóst er að töluvert átak þarf enn til þess að ljúka fráveituframkvæmdum þótt mikill árangur hafi náðst á undanförunum áratugum. Allt frá því að lög nr. 53/1995 um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum runnu úr gildi árið 2008 hefur verið nánast kyrrstaða í fráveituframkvæmdum. Þar er ekki um að kenna áhugaleysi sveitarfélaga til að ráðast í nauðsynlegar úrbætur heldur er skýringin miklu frekar sú að umfang þessara framkvæmda er allmörgum sveitarfélögum ofviða. Inn í þetta spilar einnig áhersla á að draga úr skuldum sveitarfélaga, sbr. fjármálareglur sem settar voru í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, samdráttur í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 og án efa fleiri þættir.

Einnig má nefna að nokkur óvissa hefur ríkt um hvaða kröfur verði gerðar um hreinsun fráveituvatns. Um margra ára skeið hefur staðið yfir vinna við endurskoðun reglugerðar um fráveitur og skólp og einnig liggja fyrir drög að aðgerðaáætlun í plastmálum, þar sem kynntar eru mjög íþyngjandi tillögur um hreinsun til þess að draga úr mengun af völdum örplasts. Eðlilega vilja sveitarfélög sem hyggja á fráveituframkvæmdir hafa skýra mynd af því hvort þær framkvæmdir muni uppfylla kröfur sem stjórnvöld hyggjast setja.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða hefur sambandið um langt skeið kallað eftir því að stuðningur ríkisins við fráveituframkvæmdir verði endurvakinn. Sambandinu hugnast afar vel sú leið sem flutningsmenn leggja til, sem er að sveitarfélögin fái endurgreiðslu sem nemur virðisaukaskatti af framkvæmdakostnaði. Nauðsynlegt er þó að yfirfara vandlega ábendingar sem komið hafa fram í umsögnum frá Ríkisskattstjóra og KPMG þar sem bent er á lagaleg og tæknileg atriði sem nauðsynlegt er að útfæra nánar.

Sambandið telur á þessu stigi rétt að Alþingi hinkri með afgreiðslu frumvarpsins í ljósi þess að umhverfis- og auðlindaráðherra hefur skipað vinnuhóp sem er falið að útfæra tillögur um stuðning við fráveituframkvæmdir. Hópnum er m.a. falið að greina umfang framkvæmda sem stuðningur þyrfti að ná til og gera tillögur um útfærslu stuðnings. Í hópnum eiga sæti fulltrúar frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Vinnuhópnum er ætlað að vinna hratt og skila tillögum fyrir 15. nóvember n.k. Væntanlega væri mikið gagn að því fyrir þingnefndina að hitta vinnuhópinn um eða upp úr miðjum nóvember til að fá upplýsingar um störf hans. Það er von sambandsins að í tengslum við vinnu starfhópsins verði línur einnig farnar að skýrast um mögulegar laga- og reglugerðabreytingar sem haft geta mikil áhrif á kostnað við fráveituframkvæmdir.

Sambandið telur rétt að setja a.m.k. fyrst um sinn í forgang að ljúka framkvæmdum við hreinsun fráveituvatns um land allt áður en hugað er að auknum kröfum. Fyrirsjáanleiki er þó afar mikilvægur í þessum efnum því aukin hreinsun kallar á búnað sem útheimtir umtalsvert landrými og getur jafnframt valdið lyktarmengun

Áframhaldandi áhugi af hálfu þingsins mun ótvírætt auka líkur á því að hægt verði koma auknum krafti í fráveituframkvæmdir. Á því samdráttarskeiði í efnahagslífi sem nú virðist hafið hlýtur að vera afar skynsamlegt fyrir ríki og sveitarfélög að ná sem fyrst niðurstöðu í þessu mikilvæga máli.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs